

Fjármálaeftirlitið

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri
Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri
Rúnar Guðmundsson,
Gunnar Þór Ásgeirsson,
Jónas Þór Brynjarsson
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2018

Uppfærð beiðni um álit FME á ákvæðum um ævilangan makalífeyri í núverandi lögum um Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1999.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp nr. 424 um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999. Meðfylgjandi eru umsagnir sjóðsins til efnahags- og viðskiptanefndar á fyrri stigum málsins í meðförum Alþingis 2016 og 2017 og sú síðasta dags. 20. apríl 2018.

- *Skoðanamunur hefur verið milli stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og efnahags- og fjármálaráðuneytisins hvernig fara skuli með núverandi 6. gr. í lögum um Lífeyrissjóð bænda, um ævilangan makalífeyri til eftirlifandi maka sem hvorki hafa öðlast slík réttindi fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna maka, verði af brottfalli laganna.*
 - *Annars vegar hvort nauðsynlegt sé að sjóðurinn hafi lagastoð til þess að greiða slíkan makalífeyri og*
 - *hins vegar hvort Alþingi hafi brotið á eignarréttindum þeirra, sem greitt hafa í sjóðinn og eiga þar réttindi, með því að setja slíka skuldbindingu á sjóðinn án þess að hafi komið til framlags úr ríkissjóði í sjóðinn.*

Efni máls

Í 6. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á um sértæka útgreiðslu lífeyris umfram hefðbundinn lífeyri sem viðkomandi hefur áunnið sér, **ævilangan makalífeyri** til eftirlifandi maka sem ekki hafa sjálfir öðlast réttindi til útgreiðslu úr sjóðnum, hvorki fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna maka. Sjá frekari skýringar í fylgiskjali 1 þar sem fram kemur að falli bóndi frá sem aflaði sér réttinda á árunum 1971-1983, þegar makar þeirra höfðu ekki heimild samkvæmt lögum til að greiða í sjóðinn, á maki hans rétt á venjulegum makalífeyri út á öll réttindi bóndans í tvö ár eins og hefðbundið er. Eftir þann tíma á makinn rétt á ævilöngum lífeyri út á helming þeirra réttinda sem bóndinn aflaði á árunum 1971-1983, hafi réttindunum ekki verið skipt áður á milli hjóna.

Afgreiðsla Alþingis árið 1983-1984 (115. mál) á breytingum á lögum um Lífeyrissjóð bænda, (4 og 5. mgr. 26. gr.) þegar sett voru inn ævilöng makalífeyrisréttindi til útvaldra, þeirra sem hvorki hafa fengið þau fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna, vekur furðu þar sem þau hafa aldrei verið fjármögnuð með framlagi til sjóðsins og eðlilegt að spurt sé hvort með slíkri lagasetningu þar sem lagt er á sjóðinn skuldbinding umfram réttindaávinnslu í sjóðinn, hafi verið brotið á eignaréttindum þeirra sem greitt hafa í sjóðinn?

Útreikningur tryggingastærðfræðings á þessari umframskuldbindingu, svonefndum ævilöngum makalífeyri“ var á liðnu vori 806 mkr. til framtíðar þar sem rétthafar voru 2093 talsins. Þá eru ótaldir þeir fjármunir sem sjóðurinn hefur nú þegar greitt vegna þessa ákvæðis.

Það er mat Lífeyrissjóðs bænda að sjóðnum væri beinlínis óheimilt að setja einhver þannig "óáunnin" réttindi í samþykktir án lagastoðar og úthluta án lagastoðar réttindum út fyrir hóp greiðsluþega sem byggja rétt sinn á hefðbundinni réttindaávinnslu. Slík útgreiðsla hlýtur að skerða réttindi annarra sjóðfélaga með áunnin réttindi að tiltölu.

Verði lögin felld úr gildi, telur stjórn Lífeyrissjóðs bænda að lagastoð skorti fyrir umræddum útgreiðslum makalífeyris til æviloka og sé því nauðsynlegt að mæta þeim með samsvarandi fjárframlagi úr ríkissjóði. Það að finna þessu ákvæði sem bráðabirgðaákvæði í almennu lögnum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 væri heldur ekki lausn fyrr en skorið hafi verið úr um hvort afgreiðsla Alþingis á lögum um Lífeyrissjóð bænda þar sem sett voru inn ævilöng makalífeyrisréttindi, hafi verið brot á eignaréttindum þeirra sem greitt hafa í sjóðinn.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda telur því nauðsynlegt í ljósi þessarar óvissu um heimildir til greiðslu þessara réttinda og ekki síður vegna hugsanlegs brots Alþingis á eignaréttindum sjóðfélaga í sjóðnum að leita álits Fjármálaeftirlitsins á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er óskað eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins hvort með lagasetningu sinni 1984 um ævilöng lífeyrisréttindi maka, hafi Alþingi brotið á rétti þeirra sem greitt hafa í Lífeyrissjóð bænda með því að auka skuldbindingar sjóðsins til tiltekins hóps án þess að til þess hafi komið fjárframlag í sjóðinn. Gildir þá einu hvort þessu ákvæði um ævilangan makalífeyri sé fundinn staður annars staðar í löggjöfinni, t.a.m. í lögum nr. 129/1997 eins og fram hefur komið tillaga um.

Í öðru lagi er óskað eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins hvort sjóðnum sé heimilt að greiða án lagastoðar tiltekinn makalífeyri þeim sem hvorki hafa greitt í sjóðinn né notið helmingaskipta gagnvart virkum sjóðfélaga, verði sérlög um sjóðinn felld úr gildi.

Á fundi sjóðsins með efnahags- og viðskiptanefnd 20. apríl 2018 kom fram fyrirspurn um hversu langan tíma Fjármálaeftirlitið þyrfti til þess að taka afstöðu til framangreindra álitaefna.

Mikilvægt er að afstaða eftirlitsins liggi fyrir eins fljótt og því verði við komið þar sem frumvarpið er nú í meðförum þingsins.

Vinsamlega hafið samband ef þörf er frekari upplýsinga og/eða skýringa.

Virðingarfyllst,

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA



Ólafur K. Ólafs
framkvæmdastjóri

Fskj.

1. Umsögn Lífeyrissjóðs bænda um 666. mál 145. þings, dags. 18. maí 2016.
2. Athugasemdir við viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis við umsögn Lífeyrissjóðs bænda um 67. mál um brottfall laga nr. 12/1999, dags. 17. febr. 2017.
3. Greinargerð Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings dags. 3. mars 2017 um ákvæði 6. gr. laga nr. 12/1999, sem tilgreind eru 13.6 í samþykktum Lífeyrissjóðs bænda, er mökum sjóðfélaga sem öfluðu réttinda fyrir árið 1984 tryggð sérstök réttindi til æviloka hafi sjóðfélagi ekki skipt réttindum sínum með maka sínum. Fram kemur að fjöldi rétthafa er 2093 og útreiknuð skuldbinding vegna ævilangs makalífeyris er 806 milljónir króna.
4. Tölvupóstur dags. 18. maí 2017 til efnahags- og viðskiptanefndar þar sem leiðréttar eru rangfærslur í minnisblaði fjármálaráðuneytisins dags. 30. mars 2017.
5. Umsögn Lífeyrissjóðs bænda til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 20. apríl 2018.